

Sp.

263. Fyrirspurn

[219. mál]

til viðskiptaráðherra um greiðslu rekstrar- og afurðalána bænda.

Frá Eyjólfí Konráð Jónssyni.

1. Hverjar eru í einstökum atriðum þær nýju reglur sem bankarnir hafa sett til að tryggja að bændur fái lán sín í hendur „um leið og lánin eru veitt“ í samræmi við fyrirmæli Alþingis í þingsályktun frá 22. maí 1979 og bréf viðskiptaráðuneytisins á fimm ára afmæli hennar 22. maí s. l.?
2. Hafa nokkrir bankar eða útibú reynt að sniðganga þessi fyrirmæli? Ef svo er, hvaða viðurlögum hyggst ráðherra beita?
3. Hvaða veð hafa bankar fyrir rekstrar- og afurðalánum annars vegar og lánum til afurðasölufyrirtækja hins vegar? Telja viðskiptabankar veðsetningar samvinnufélaga yfirleitt fullnægjandi? Sitja einkafyrirtæki við sama borð og samvinnufélög að því er tryggingar varðar í ríkisbönkunum?